

Nd.

239. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Flutningsm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Á eftir 40. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi :
Farseðlar með skipum, hvort sem ferðinni er heitið til útlanda eða

með ströndum fram og hvort sem farseðlarnir eru gefnir út hjer á landi eða erlendis, stimplast með 10% af verði farseðilsins. Nú eru farseðlar ekki gefnir út, og skal þá gera skrá um farþega með skipinu og tilgreina á henni upphæð fargjalda, og skal stimpla skrána með 10% af samanlögðum fargjöldum, sem á henni eru talin.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, og má lögreglustjóri eigi afgreiða skipið úr höfn fyr en greitt hefir verið stimpilgjald af farseðlum allra farþega, sem með því leggja úr höfn.

Undanþegnir þessu stimpilgjaldi eru farseðlar farþega, sem hingað koma á skemtiferðaskipum, sem hafa hjer mjög skamma viðdvöl og flytja hingað engan farm, ef farþegar fara aftur með þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Með lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll, er lagt gjald á flestar vörur, sem hingað flytjast og ekki teljast til allra brýnustu lífsnauðsynja eða framleiðslunauðsynja, og greiðist mest af þeim tolli sem 10% stimpilgjald, auk þess sem af vörunum er greiddur vörutollur. Af öllum útfluttum vörum er einnig greitt útflutningsgjald. Má þannig segja, að enginn vöruflutningur með skipum frá útlöndum nje til útlanda sje ótollaður.

Öðru máli er að gegna með farþegaflutning. Af farseðlum er einskis gjalds krafist, og er þó mikið af ferðalögum manna ónauðsynlegar skemtiferðir. Þar sem flest skjöl, sem einhver fjárviðskifti byggjast á, eru stimpluð, virðist ástæðulaust að sleppa farseðlum manna við stimpilgjald fremur en öðrum skjölum. Farmskrirteini hafa að visu ekki verið stimpluð hjer án tillits til verðmætis þess, sem út er flutt, en til þess er ekki mikil ástæða, þar sem útflutningsgjald er, eins og áður segir, greitt af öllum útfluttum vörum.

Það virðist ekki ósanngarnt, að stimpilgjald af farseðlum sje að minsta kosti 10% af fargjaldinu, þar sem verðtollur af flestum vörum er 10% af fob innkaupsverðinu. Enda mikið af þessum ferðum manna með öllu óþarfar, þar sem eins gæti komið til mála að stimpla farseðilinn með 20% eins og innkaupsreikninga fyrir ýmsar óþarfar vörur.

Síðastliðið ár voru fargjöld með skipum Eimskipafjelags Íslands kr. 199000.00. Þar af voru kr. 35000.00 fargjöld frá útlöndum til Íslands. Hafa því fargjöld hjer við land og til útlanda verið kr. 164000.00. Fargjöld með Esju voru sama ár kr. 102000.00. Sameinaða gufuskipafjelagið hefir á þessu ári 34 áetlunarferðir frá Íslandi til útlanda. Ef gert er ráð fyrir 50 farþegum að meðaltali, verða það 1700 farþegar alls. — Ef nú af þessu eru t. d. 1200 farþegar á 1. farrými og 500 farþegar á 2. farrými, væri sennilegt verð farseðlanna samanlagt þannig:

1200	farseðlar á kr. 160	192000.00
500	— - — 100	<u>50000.00</u>
Samtals kr.							<u>242000.00</u>

Auk þess eru áætl. ferðir fjelagsins milli Reykjavíkur og Akureyrar með viðkomum á helstu höfnum alls 37 og 17 af þeim eru hraðferðir, sem aðeins taka póst og farþega. Það mun því ekki fjarri sanni að áætla fargjöld með þessum ferðum alt að kr. 200000.00.

Eftir þessu myndu fargjöld hjer við land og til útlanda verða sem hjer segir:							
Með skipum Eimskipafjelags Íslands	kr. 164000.00
— — ríkissjóðs (Esju)	— 102000.00
— — sameinaða	<u>— 442000.00</u>
Samtals kr.							<u>708000.00</u>

Auk þess mun Bergenska gufuskjapfjlagið hafa nokkrar tekjur af fargjöldum. Það mun því nokkurnveginn vist, að 10% stimpilgjald af fargjöldunum verður ekki undir 70000 krónum.